

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 543/2010 um Lífeðlisfræðistofnun Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

Í stað orðanna „15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla“ í 3. málsl. 1. mgr. 5. gr. reglnanna koma orðin: 28. gr. laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

#### 2. gr.

Í stað orðanna „vísindamenn, fræðimenn og sérfræðingar“ í 1. málsl. stafliðar a í 6. mgr. 8. gr. reglnanna koma orðin: rannsóknaprófessorar, rannsóknadósentar og rannsóknalektorar.

#### 3. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands á grundvelli heimildar í 3. mgr. 11. gr. og 1. og 5. mgr. 15. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla, eru settar í samræmi við 27. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Reglurnar öðlast gildi 1. júlí 2025.

*Háskóla Íslands, 12. júní 2025.*

**Jón Atli Benediktsson.**

---

*Þórður Kristinsson.*

---

B deild - Útgáfudagur: 27. júní 2025